



Rósir fyrir alla

Listi yfir úrvals rósir sem Rósaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands og Yndisgróður Lbhí metur sem harðgerðar og blómviljugar á Íslandi.

Á þessum lista eru tilgreind 30 yrki rósa sem rækta má með góðum árangri á Íslandi. Listinn inniheldur fjölbreytt úrval sem gefur kost á að velja rósir fyrir ýmskonar aðstæður, af ýmsum litum og sem blómstra á mismunandi tíma sumarsins. Harðgerði tegundanna er almennt þannig að rækta má þær í allri góðri garðamold í flestum einka- og almenningsgörðum. Sumar eru það harðgerðar að þola mun erfiðari aðstæður en einstaka þúfra berti kjör. Um harðgerði er annarsvegar vísað til á hvaða ræktunarsvæðum má rækta viðkomandi yrki og má sjá nánar um það á heimasíðu Yndisgróðurs <http://yndisgrodur.lbhi.is/> undir *harðgerði og vaxtarsvæði*. Hinsvegar er vísað til **RósaHarðgerðisFlokka** rósaklúbbsins skammstafað **RHF**, um þá má lesa aftast í þessu skjali.

Hægt er að skoða flestar rósir sem um er getið í görðum Yndisgróðurs. Flestar má sjá í Rósagarðinum í Laugardal og nokkrar einnig á Reykjum, Blönduósi, í Sandgerði, Fossvogi og Á Hvanneyri. Sjá nánar á heimasíðu yndisgróðurs undir *Yndisgarðar*. Einnig má sjá margar rósir í rósagarði Rósaklúbbsins í Höfðaskógi við hvaleyrarvatn, sjá nánar um það á heimasíðu Garðyrkjufélags Íslands <http://www.gardurinn.is> undir *Rósaklúbbur*.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>

Yfirlit

Þyrnirósir – (<i>Rosa spinosissima</i> syn. <i>R. pimpinellifolia</i>)	3
<i>Rosa spinosissima</i> var. <i>altaica</i> 'Lovisa' (Lóurós) - Þyrnirós Yg 596	3
<i>Rosa spinosissima</i> 'Katrín Viðar' - Þyrnirós Yg 595	3
<i>Rosa spinosissima</i> 'Kakwa' - Þyrnirós Yg 410	3
<i>Rosa spinosissima</i> 'Juhannusmorsian' - Þyrnirós Yg 409	4
<i>Rosa spinosissima</i> x <i>majalis</i> 'Poppius' - Þyrnirós Yg 408	4
<i>Rosa</i> x <i>spinosissima</i> 'Aïcha' - Þyrnirós Yg 659	4
Ígulrósir (<i>Rosa rugosa</i>) og ígulrósablendingar	5
<i>Rosa rugosa</i> 'Moje Hamarberg' - Ígulrós Yg 408	5
<i>Rosa rugosa</i> 'Skotta' - Ígulrós Yg 408	5
<i>Rosa rugosa</i> 'George Will' - Ígulrós Yg 415	5
<i>Rosa rugosa</i> 'Blanc Double d'Coubert' - Ígulrós Yg 503	6
<i>Rosa rugosa</i> 'Ritauma' = ('Polar ice') - Ígulrós Yg 550	6
<i>Rosa rugosa</i> 'Louise Bugnet' - Ígulrós Yg 675	6
<i>Rosa rugosa</i> 'Henry Hudson' - Ígulrós Yg 322	6
<i>Rosa</i> x <i>rugosa</i> 'Hansaland' ('Korhassi') - Ígulrós Yg 676	6
<i>Rosa</i> x <i>rugotida</i> 'Dart's Defender' - Brúðurós Yg 676	7
Fjallarósir (<i>Rosa pendulina</i>) og blendingar	7
<i>Rosa rugosa</i> x <i>pendulina</i> 'Hilda' - Fjallarósablendingur Yg 416	7
Gallarósir <i>Rosa gallica</i> og skáldarósir <i>Rosa</i> x <i>francofurtana</i>	8
<i>Rosa gallica</i> 'Officinalis' – Gallarós - Apótekararósir Yg 677	8
<i>Rosa</i> x <i>francofurtana</i> 'Frankfurt' - Skáldarós Yg 634	8
Ýmsar runnarósir og blendingar	8
<i>Rosa</i> x sp. 'Prairie Dawn' - nútíma runnarós Yg 639	8
<i>Rosa</i> x <i>glauca</i> 'Nova' - Rauðblaðarós Yg 139	9
<i>Rosa</i> <i>rubiginosa</i> 'Magnifica' - Eplarós Yg 661	9
<i>Rosa</i> x sp. 'Yndisrós' - Yndisrós Yg 676	9
Meyjarósir (<i>Rosa moyesii</i>)	10
<i>Rosa moyesii</i> 'Geranium' - Meyjarós Yg 407	10
<i>Rosa moyesii</i> 'Eddies Jewel' - Meyjarós Yg 472	10
Bjarmarósir (<i>Rosa</i> x <i>alba</i>)	11
<i>Rosa</i> x <i>alba</i> 'Alba Maxima' (syn. 'Maxima') - Bjarmarós Yg 635	11
<i>Rosa</i> x <i>alba</i> 'Celestial' (syn. 'Celeste') - Bjarmarós Yg 637	11
<i>Rosa</i> x <i>alba</i> 'Gudheim' - Bjarmarós Yg 638	11
Klifurrósir	12
<i>Rosa</i> x sp 'Hurdal' - Hurdalsrós Yg 462	12
<i>Rosa</i> x <i>heleneae</i> 'Hybrida' - Hunangsrós/ Helenurós Yg 678	12
<i>Rosa</i> x sp. 'Flammentanz' ('Korflata')- Kordesrós Yg 679	13
Rósaharðgerðisflokkar RHF	13
Áhugaverðar heimasíður um rósir:	13



Þyrnirósir – (*Rosa spinosissima* syn. *R. pimpinellifolia*)

Þyrnirósir blómstra almennt frá lokum júní til miðs júlí. Blómin hafa dauðan en góðan ilm. Þær eru mjög sólelskar og vilja fremur sendinn og velframræstan jarðveg.

Rosa spinosissima var. *altaica* 'Lovísa' (Lóurós) - Þyrnirós Yg 596

Uppruni: Úrval sem ÓSN gerði 1985 úr 66 fræplöntum gróðursettum 1973 í limgerði við Miðbraut 11 á Seltjarnarnesi. Plönturnar voru sáðplöntur frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Skar sig úr með minni skemmdir eftir erfiðan vetur og ríkulega blómgun.

Lýsing/eiginleikar: Þéttgreindur 1-1,5 m hár runni, rótarskot. **Blóm** einföld 5-6 cm hvít, blómsæl og þroskar árlega mikið af dökkrauðbrúnum nýpum. Dökkrauðbrúnir haustlitir. Hentar í villigarða.

Reynsla/harðgerði: Löng og góð reynsla sem sýnir harðgerði á svæði A,B,C og í skjóli í D. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar og rótarskot.

Aðgengi: Til í Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Mörk.

Heimildir: ÓSN 2005

Rosa spinosissima 'Katrín Viðar' - Þyrnirós Yg 595

Uppruni: Grasagarður Reykjavíkur, fræplanta frá árinu 1972 af fræi úr grasagarðinum í Dresden Þýskalandi. Fræmóðir var skráð sem *Rosa spinosissima* var. *altaica*.

Lýsing/eiginleikar: Þéttgreindur 1,5- 1,8 m hár runni með fremur fíngerðar uppréttar greinar, lítið um rótarskot. **Blóm** stór einföld 7-8 cm hvít með rauðbleiku á ystu blöðum sem sést í knúppi, mjög blómsæl sum ár en minna önnur, blómstrar frá byrjun júlí. þroskar lítið af dökkrauðbrúnum nýpum. Hentar í stærri garða.

Reynsla/harðgerði: Haustar sig seint og frýs oftast grænn. Harðgerð á svæði A,B, og í skjóli í C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: Til á Fossvogi og Laugardal. Plöntur komu frá Ræktunarstöð reykjavíkurborgar.

Heimildir: ÓSN 2005. Grasagarður Reykjavíkur.

Rosa spinosissima 'Kakwa' - Þyrnirós Yg 410

Uppruni: John Alexander Wallace, Kanada, fyrir 1973. Opin frjóvgun R.s. var hispida

Lýsing/eiginleikar: Þéttgreindur 1,5-1,8 m hár runni með fremur opið vaxtarlag, lítið um rótarskot. **Blóm** tvöföld 5-7,5 cm kremhvít til hvít, mjög blómsæl, blómstrar frá byrjun júlí. Svörtar nýpum. Hentar í stærri garða.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst harðgerð í görðum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Sandgerði, Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Ræktunarstöð reykjavíkurborgar.

Heimildir: R. E. Harris, 1969 (<http://pubs.aic.ca/doi/pdf/10.4141/cjps70-066>) skoðað 16. 02. 2012.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>



Rosa spinosissima 'Juhannusmorsian' - Þyrnirós Yg 409

Uppruni: Finnland og er FinEplanta, valin í Rovaniemi, uppruni óþekktur.

Lýsing/eiginleikar: Þéttgreindur 1,5-2 m hár runni með fremur opið vaxtarlag, rótarskot. Haustlitir gulbrúnir til fjólublár. **Blóm** tvöföld 5-7,5 cm fölbleik, ilma, mjög blómsæl, blómstrar frá byrjun júlí.svartar nýpur.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst harðgerð í görðum YG. Harðgerð á svæði A,B,C.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Sandgerði, Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Ræktunarstöð reykjavíkurborgar.

Heimildir: 1. MTT - Acrifood Research Finland. Skoðað 22.11.2011 á

https://portal.mtt.fi/portal/page/portal/mtt_en/mtt/facilities/FinE/FinEplants

2. Taimikko Ruhanen. Skoðað 22.11.2011 á

http://www.taimikko.com/luettelot/taimikortit/ruusut/Rosa_'Juhannusmorsian'.htm

Rosa spinosissima x majalis 'Poppius' - Þyrnirós Yg 408

Uppruni: Carl Steinberg, Finnland. 1838. (Rosa stenbergii hort.).

Lýsing/eiginleikar: Þéttgreindur 1,5-2 m hár runni með fremur opið vaxtarlag, rótarskot. Haustlitir gulir en frýs oft græn héraendis. **Blóm** hálfyllt 3-4 cm bleik, ilma lítillaga, mjög blómsæl, blómstrar frá lokum júní.Brúnrauðar nýpur.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst mjög harðgerð í görðum YG. Harðgerð á svæði A,B,C.

Fjölgun: Sumargræðlingar, rótarskot.

Aðgengi: YG; Reykir, Sandgerði, Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Mörk.

Heimildir: 1) Ólafur S. Njálsson. 2005. Tré og runnar; 2. hefti. Bls. 271.

2) Lars - Áke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 292.

Rosa x spinosissima 'Aïcha' - Þyrnirós Yg 659

Uppruni: Valdemar Pedersen, Danmörk 1959, Rosa 'Souvenir de Jacques Verschuren' x R. 'Guldtop'.

Lýsing/eiginleikar: Kröftugur 1,5-2,5 m hár runni. Mikið kynblönduð ró og blöð stærri en á venjulegum þyrnirósum, haustlitir gulir en frýs oft græn héraendis. **Blóm** einföld mjög stór gul til fölgul, ilma, þroskar sjaldan nýpur. Blómstra á Íslandi frá júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Nokkuð harðgerð í görðum YG. Harðgerð á svæði A og B. RHF2

Fjölgun: Sumargræðlingar, rótarskot.

Aðgengi: YG; Laugardal. Plöntur komu frá xx.

Heimildir: Lars - Áke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 282.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgröðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>

Ígulrósir (*Rosa rugosa*) og ígulrósablendingar

Ígulrósir blómstra frá miðjum júlí til ágúst/september. Blómin hafa sterkan sætan ilm. Flestar ígulrósir fá nýpur/rósaldin. Þær eru flestar mjög sólelskar og vilja fremur sendinn og velframræstan jarðveg.

Rosa rugosa 'Moje Hamarberg' - Ígulrós Yg 408

Uppruni: Hammarberg, Svíþjóð 1931.

Lýsing/eiginleikar: Fremur grófgerður 1,5 m hár runni með fremur þétt vaxtarlag, rótarskot. Er lægri og þéttari en 'Hansa'. Haustlitir gulir. **Blóm** hálfyllt til fyllt 12cm rauðbleik, ilma vel, mjög blómsæl, rauðar nýpur. Blómstra á Íslandi frá miðjum júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst mjög harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar, rótarskot.

Aðgengi: YG; Sandgerði, Blönduósi, Fossvogi, (Laugardal). Plöntur komu frá Mörk.

Heimildir: 1) Ólafur S. Njálsson. 2005. Tré og runnar; 2. hefti. Bls. 272-273.

2) Lars - Áke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 331.

Rosa rugosa 'Skotta' - Ígulrós Yg 408

Uppruni: Grasagarður Reykjavíkur 1965. Planta af fræi frá grasagarðinum í Wageringen í hallandi árið 1965 af Rosa 'Betty Bland' og líklega R. rugosa. Fyrst fjölgað af Skógræktarfélagi Reykjavíkur í kringum 1980 og síðar af Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar af plöntu sem þá óx í Grasagarðinum og þá um tíma talin vera þokkarós eða Rosa blanda 'Betty Bland'.

Rosa 'Skotta' var lengi hulin ráðgáta og hefur verið kölluð Rosa 'Wasagaming' en nú er ljóst að um nýtt yrki er að ræða sem hefur hlotið nafnið 'Skotta' sem vísar m.a. Í það hversu mjög hún hefur vafist fyrir mönnum og hefur svo að segja gengið aftur með nokkurra ára millibili.

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikill 1,2 m hár runni leggst útaf en getur klifrað upp grindverk allt að 2,5 m, rótarskot. Haustlitir gulir en frýs oftast græn og getur kalið. **Blóm** fyllt xxcm rauðbleik, ilma vel, mjög blómsæl, rauðar nýpur. Blómstra á Íslandi frá júlí - september.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst mjög harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar, rótarskot.

Aðgengi: YG; Sandgerði, Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Mörk.

Heimildir: Hjörtur Þorbjörnsson. 2010. Gardyrkjuritið. Bls. 70-73.

Rosa rugosa 'George Will' - Ígulrós Yg 415

Uppruni: Skinner, Kanada 1939. Foreldrar óþekktir.

Lýsing/eiginleikar: Fremur grófgerður 1,5 m hár runni með fremur þétt vaxtarlag, rótarskot. Haustlitir gulir. **Blóm** hálfyllt til fyllt 7-9 cm rauðbleik, ilma, blómsæl, rauðar nýpur. Blómstra á Íslandi frá miðjum júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar, rótarskot.

Aðgengi: YG; Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Ræktunarstöð reykjavíkurborgar.

Heimildir: Lars-Áke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 324.



Rosa rugosa 'Blanc Double d'Coubert' - Ígulrós Yg 503

Uppruni: Cochet-Cochet, Frakkland 1892. Ígulrós x R. 'Sombreuil'

Lýsing/eiginleikar: Fremur grófgerður 1,5 til 2 m hár runni með fremur þétt vaxtarlag. Haustlitir gulir. **Blóm** hálfyllt til fyllt 12 cm hreinhvít, ilma, blómsæl, rauðar nýpur. Blómstra á Íslandi frá júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; (Laugardal).

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 318.

Rosa rugosa 'Ritausma' = ('Polar ice') - Ígulrós Yg 550

Uppruni: Rieksta. Lettlandi 1963. Ígulrós 'Plena' x Abelzied

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikil 1,5 til 2 m hár og breiður runni. ilmandi blöð. Haustlitir gulir. **Blóm** Fyllt 7-8 cm ljósbleik með vott af gulu, ilma, blómsæl, rauðar nýpur. Blómstra á Íslandi frá miðjum júlí - september.

Reynsla/harðgerði: Hefur reynst harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B,C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Reykir, Laugardal. Smáplöntur komu frá Finnlandi.

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 335.

Rosa rugosa 'Louise Bugnet' - Ígulrós Yg 675

Uppruni: G. Bugnet, Kanada fyrir 1960. Martha Bugnet x Thérèse Bugnet.

Lýsing/eiginleikar: Þéttur 1,5 hár og breiður runni. Haustlitir gulir. **Blóm** hvít fyllt til þéttfyllt m. rauðu í knúppi, fáar nýpur. Blómstrar á Íslandi frá júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur meðal harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A og B. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; (Laugardal).

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 328.

Rosa rugosa 'Henry Hudson' - Ígulrós Yg 322

Uppruni: F. Svejda, Kanada 1976. Fræplanta af 'Schneezweg'. **Lýsing/eiginleikar:** Þéttur og breiðvaxin 1-1,2 m. hár og 1,5 m. breiður runni, rótarskot. Haustlitir gulir. **Blóm** hvít fyllt til þéttfyllt m. rauðu í knúppi 6-8 cm, fáar nýpur. Blómstrar á Íslandi frá miðjum júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur verið harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B og C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Blönduós, Laugardal.

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 326.

Rosa x rugosa 'Hansaland' ('Korhassi') - Ígulrós Yg 676

Uppruni: Kordes, Þýskaland 1993.

Lýsing/eiginleikar: Þéttur 1-1,2 m. hár, kelur árlega en kemur vel upp. Haustlitir gulir. **Blóm** rauð fyllt 7-9 cm, engar nýpur. Blómstrar á Íslandi frá lokum júlí - september.

Reynsla/harðgerði: Kelur árlega. Ekki reynd í gördum YG. Harðgerð á svæði A. RHF3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; (Laugardal).

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 325.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>



Rosa x rugotida 'Dart's Defender' - Brúðurós Yg 676

Uppruni: Darthuis, Holland 1971. Brúðurós *Rosa nitida* x ígulrós 'Hansa'

Lýsing/eiginleikar: Þéttur og breiðvaxin 1 til 1,5 m. hár og 1,5 m. breiður runni, mikil rótarskot. Fallett dökkt gljáandi lauf, haustlitir gulir til rauðgulir. **Blóm** rauðbleik til rauðfjólublá hálfyllt 6-9 cm, rauðar gljáandi nýpur. Blómstrar á Íslandi frá miðjum júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Hefur verið mjög harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Sandgerði, Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 485.

Fjallarósir (*Rosa pendulina*) og blendingar

Einhverjir allra harðgerðurstu runnar sem hægt er að rækta á Íslandi eru fjallarósir að því tilskildu að jarðvegurinn sé hæfilega frjósamur. Mörg yrki fjallarósa eru í ræktun hérlendis en fæst þeirra hafa fengið yrkisheiti og lítilar samanburðarrannsóknir hafa verið gerðar á harðgerði þeirra, vaxtarformi, blómgun og þroskun nýpa/ rósaaldina. Í gördum Yndisgróðurs á Reykjum, Blönduósi, Sandgerði og Fossvogi er komið myndarlegt safn mismandi yrkja sem sýna töluverða fjölbreytni þó enn sé fullsnemmt að leggja mat á hvaða yrki sé vænlegust til ræktunar. Eina nafngreinda yrkið sem hefur verið í ræktun hér er norskt 'Lina'. Það er dæmigerð fjallarós og hefur verið ræktað hér í um áratug með ágætum árangri. Það yrki sem er kynnt hér sérstaklega er ekki dæmigerð fjallarós heldur nýr blendingur úr smiðju Jóhanns Pálssonar grasafræðings. Hann er nýr í ræktun og sameinar kosti fjallarósa og ígulrósa.

Rosa rugosa x pendulina 'Hilda' - Fjallarósablendingur Yg 416

Uppruni: Jóhann Pálsson, Reykjavík 2000. Blendingur milli *R. rugosa* 'Hadda' og *R. pendula* með óstýrðri frævun.

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikill runni 1,5 - 2 m. hár, rótarskot. Fær gula haustliti. **Blóm** eru ljósrauð með purpuratóni, miðlungs stór, léttfyllt. 'Hilda' byrjar að blómstra í byrjun júlí, mikil blómgun í dálitinn tíma, engin eftirblómgun. Nýpur eru allstórar, rauðar, keilulaga til aflangar.

Reynsla/harðgerði: hefur reynst harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A,B og C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Reykir, Blönduósi, Fossvogi, Laugardal. Plöntur komu frá Ræktunarstöð reykjavíkurborgar.

Heimildir: Jóhann Pálsson. garðyrkjuritið 2005, rósirnar mínar 2. bls. 15-21.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>



Gallarósir *Rosa gallica* og skáldarósir *Rosa x francofurtana*

Gallarósir og skáldarósir eru rósir sem þurfa góðan jarðveg, skjól og gott atlæti, fá þær það launa þær ríkulega fyrir sig með fallegum rauðum blómum sem opna sig vel.

Rosa gallica ‘**Officinalis**’ – Gallarós - Apótekararós Yg 677

Uppruni: Óþekktur uppruni en hefur verið í ræktun frá því a.m.k. á fjórtándu öld. Er oft kennd við héraðið Provins í Frakklandi og jafnvel talið ræktað þar síðan um 1250.

Lýsing/eiginleikar: Lágvaxin runni 1,2 m. hár og breiður. Fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru stór hálfyllt karmínrauð og opin. Blómstrar í ágúst á Íslandi. Nýpur eru appelsínugular en þroskast sjaldan hér.

Reynsla/harðgerði: Kelur lítillaga. Óreynd í görðum YG. Harðgerð á svæði A. RHF3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; (Laugardal).

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 152.

Rosa x francofurtana ‘**Frankfurt**’ - Skáldarós Yg 634

Uppruni: Óþekktur uppruni, í ræktun frá því fyrir 1583. (syn. *R. gallica* ‘Splendens’). Líklega *R. majalis* x *R. gallica*.

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikill runni 1,5 m. hár og breiður, sendir mykið af rótarskotum. Fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru stór hálfyllt karmínrauð og opin. Blómstrar frá lokum júlí - ágúst á Íslandi. Nýpur appelsínugular en þroskast sjaldan hér.

Reynsla/harðgerði: Getur kalið lítillaga. Harðgerð í görðum YG. Harðgerð á svæði A. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 222.

Ýmsar runnarósir og blendingar

Þetta er hópur ólíkra tegunda og blendinga sem gera mismundandi kröfur til vaxtarstaðar.

Rosa x sp. ‘**Prairie Dawn**’ - nútíma runnarós Yg 639

Uppruni: William Godfrey. Kanada. 1959. ‘Prairie Youth’ x [‘Ross rambler’ x (Dr. W. Van Fleet’ x *Rosa spinosissima* var. *altaica*)]

Lýsing/eiginleikar: Nútíma rós með opið vaxtarlag 1,5-2 m. hár. Fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru hálfyllt til fyllt dökkbleik ilma vel og allt að 10 blómum í klösum. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Getur kalið lítillaga. Harðgerð á svæði A. RHF2-3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>



Aðgengi: YG; (Laugardal).

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 419.

Rosa x glauca 'Nova' - Rauðblaðarós Yg 139

Uppruni: Gunny Larson. Svíþjóð. 1980. Blendingur með rauðblaðarós *R. glauca* og hugsanlega *R. 'Prairie Dawn'*.

Lýsing/eiginleikar: gróskumikil rauðblaða rós með 2-2,5 m. hár. Fær fallega haustliti. Rauðar nýpur. **Blóm** 5-6 cm. tvöföld til hálfyllt bleik, blómsæl. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Mjög harðgerð en getur fengið rósaryð sem getur skemmt plöntuna mikið. Harðgerð á svæði A, B og C. RHF1.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal, Fossvogi.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 476.

Rosa rubiginosa 'Magnifica' - Eplarós Yg 661

Uppruni: Hesse. Þýskaland. 1894. Sjálffrjóvguð fræplanta af 'Lucy Ashton'.

Lýsing/eiginleikar: gróskumikil 2-3 m. hár. Falleg dökk blöð gefa frá sér eplailm sérstaklega eftir regnskúr. Rauðar nýpur. **Blóm** smá til meðalstór tvöföld til hálfyllt rauðbleik og áberandi gulri miðju. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Nokkuð harðgerð á svæði A og B. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 272.

Rosa x sp. 'Yndisrós' - Yndisrós Yg 676

Uppruni: Fræplanta úr grasagarðinum. Hefur verið skráð undir heitinu *Rosa hypoleuca* en það stemmir ekki við tegundalýsingu. Hugsanlega er þetta brúðurósablendingur *Rosa nitida*.

Lýsing/eiginleikar: uppréttur runni 1,5 m. hár, mikil rótarskot. Rauðleitar greinar og fallegt dökkt gljáandi lauf sem minnir á brúðurós eða *Rosa 'Metis'*, frís oftast græn og kelur gjarnan.

Blóm rauðbleik til rauðfjólublá hálfyllt xx cm, nýpur. Blómstra á Íslandi frá júlí - ágúst.

Reynsla/harðgerði: Kelur lítillaga árlega og þarf snyrtingu. Hefur verið harðgerð í gördum YG. Harðgerð á svæði A. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Grasagarður.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>

Meyjarósir (*Rosa moyesii*)

Meyjarósir eru einhverjir verðmætustu skrautrunnar sem hægt er að rækta á Íslandi, þær eru stórvaxnar og gróskumiklir runnar sem vekja alltaf athygli í blóma. Meyjarósir blómstra frá miðjum júlí til ágúst og fá svo stórar rauðar nýpur/rósaaldin sem endast fram á vetur. Þær eru sólelskar og vilja fremur frjósaman- og velframræstan jarðveg. Mörg yrki eru í ræktun hérlandis bæði með dökkrauðum blómum og bleikum, því miður eru ekki öll þessi yrki nafngreind og óvist hvað hver og einn er með í ræktun. Yndisgróður hefur safnað öllum fáanlegum yrkjum meyarósa í safnið á Reykjum og að hluta í rósagarðinn í Laugardal.

Rosa moyesii 'Geranium' - Meyjarós Yg 407

Uppruni: Royal Horticultural Society, Bretland 1938. fræplanta af *Rosa moyesii*

Lýsing/eiginleikar: Stórvaxin gróskumikil 2,5 m. hár með opið vaxtarlag. Fær einstaklega fallegar flöskulaga rauðar nýpur. **Blóm** 5-7 cm. einföld dökkrauð og mjög opin. Blómstrar frá miðjum júlí til ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Harðgerð þó viðkvæmari en sum önnur yrki meyarósa. Harðgerð á svæði A og B. RHF1-2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Reykir, Laugardal, Fossvogi.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 347.

Rosa moyesii 'Eddie's Jewel' - Meyjarós Yg 472

Uppruni: Eddie, Kanada 1962. 'Donald Prior' x *Rosa moyesii* – blendingur.

Lýsing/eiginleikar: Stórvaxin gróskumikil 2-2,5 m. hár með opið vaxtarlag. Fær einstaklega fallegar perulaga rauðar nýpur. **Blóm** stór 8-11 cm. einföld til tvöföld eldrauð og mjög opin. Blómstrar frá júlí til ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Harðgerð þó viðkvæmari en sum önnur yrki meyarósa. Harðgerð á svæði A, B og C. RHF1-2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Reykir, Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 347.

Bjarmarósir (*Rosa x alba*)

Bjarmarósir blómstra almennt frá lokum júlí og út ágúst/september. Blóm eru hvít eða fölbleik. Blómin ilma vel. Blöðin eru einkennandi blágræn. Þær eru ekki eins sólelskar og margar aðrar rósir og henta því oft í eldri garða þar sem léttur skuggi er af trjám. Þær vilja fremur frjósaman- og velframræstan jarðveg.

Rosa x alba 'Alba Maxima' (syn. 'Maxima') - Bjarmarós Yg 635

Uppruni: Blendingstegund, óþekktur uppruni, mjög gömul en fyrst getið í heimildum svo víst sé 1867. Foreldrar óþekktir.

Lýsing/eiginleikar: Ekta gamaldags hvít runnarós 2-2,5 m. hár og breiður. Blöð einkennandi blágræn og hraustleg, fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru fyllt kremhvít til hvít og ilma vel. Getur verið mjög blómsæl. Blómstrar frá lokum júlí - ágúst á Íslandi. Nýpur rauðleitar en ná sjaldnast að fullþroskast hér. Má nota sem veggrós. og getur þá orðið hærri.

Reynsla/harðgerði: Líklega harðgerðust bjarmarósa. Getur fengið mjöldögg. Harðgerð á svæði A og B. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 177.

Rosa x alba 'Celestial' (syn. 'Celeste') - Bjarmarós Yg 637

Uppruni: Blendingstegund, óþekktur uppruni, í ræktun frá því fyrir 1810. Foreldrar óþekktir.

Lýsing/eiginleikar: Klassísk rós 1,5-2 m. hár og breiður, erlendis en óvíst hérlandis. Blöð einkennandi blágræn og hraustleg, fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru stór hálfyllt til fyllt fölbleik, einstaklega falleg þegar opnast, ilma vel. Blómstrar frá lokum júlí - ágúst á Íslandi. Fáar nýpur rauðleitar en þroskast sjaldan hér.

Reynsla/harðgerði: Getur kalið lítillga. Getur fengið mjöldögg. Harðgerð á svæði A og B. RHF2-3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 182.

Rosa x alba 'Gudheim' - Bjarmarós Yg 638

Uppruni: Blendingstegund, óþekktur uppruni, hugsanlega fyrir 1666. Foreldrar óþekktir.

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikill runni 2-2,5 m. hár og breiður. Blöð einkennandi blágræn og hraustleg, fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru einföld hreinhvít og lýsa í kvöldrökrinu í ágúst. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi. Nýpur rauðleitar en ná sjaldnast að fullþroskast hér.

Reynsla/harðgerði: Líklega harðgerðust bjarmarósa. Getur fengið mjöldögg. Þolir hálfskugga. Harðgerð á svæði A og B. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Laugardal.

Heimildir: Lars - Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 182.



Klifurrósir

Klifurrósir eru fjölbreytilegur hópur rósa sem henta sem stærðar sinnar og vaxtarlags henta til að láta vaxa við húsveggi, timburstólpa eða önnur mannvirki. Greinar klifurrósa eru vaxtarmiklir runnar sem þarf að binda við klifurgrind eða álíka því þær klifra ekki sjálfar. Flestar klifurrósir þurfa góðan og velframræstan jarðveg. Mikilvægt er að gróðursetja klifurrósir nær en 25-50 frá húsvegg til að hindra ofþornun. Flestar algengar klifurrósir sem ræktaðar eru erlendis eru of viðkvæmar fyrir íslenskar aðstæður en eftirtalдар má rækta með góðum árangri. Að auki má nefna að bjarmarós 'Alba Maxima', helenurós 'Lykkefund' og 'Polstjarnan' má einnig rækta hérlandis sem klifurrósir.

Rosa x sp 'Hurdal' - Hurdalsrós Yg 462

Uppruni: Blendingsrós frá Noregi en líklegast af þýskum uppruni, í ræktun frá því fyrir 1900. Foreldrar óþekktir, hugsanlega Lórós *Rosa villosa*.

Lýsing/eiginleikar: Stórvaxin gamaldags runnarós 2,5-3 m. hár og hentar best sem klifurrós hérlandis. Blöð blágræn og líkjast bjarmarós, fær sjaldan haustliti hér. **Blóm** eru tvöföld til hálfyllt bleik en ilma lítið. Getur verið mjög blómsæl, þó breytilegt eftir árum. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi. Fáar nýpur vínráður en ná sjaldnast að fullþroskast hér. Má nota sem veggros. og getur þá orðið hærri.

Reynsla/harðgerði: Mjög harðgerð rós en mis blómviljug. Getur fengið mjöldögg. Harðgerð á svæði A og B. RHF2.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: YG; Reykir, Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, buskrosor. Bls 306.

Rosa x helenea 'Hybrida' - Hunangsrós/ Helenurós Yg 678

Uppruni: Uppruni óþekktur en hefur lengi verið vel þekkt á norðurlöndum. Fræplanta af *Rosa helenae*.

Lýsing/eiginleikar: Mjög stórvaxin klifurrós 5-7+ m. há en nýleg í ræktun hérlandis svo óvist er um vaxtarþrótt. **Blóm** eru ljósgul en hvítna með aldrinum, 4 cm breið og oft 30-60 í klasa. Sætur ilmur. Blómstrar frá miðjum júlí - ágúst á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Ný í ræktun hérlandis en talin ein harðgerðasta klifur rós á norðurlöndum. Harðgerð á svæði A. RHF2-3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, klatterosor. Bls 306.

Aðrar hvítarklifurrósir sem má rækta hérlandis eru *Rosa helenae* 'Lykkefund', *Rosa* 'Polstjarnan'.



Velkomin á heimasíðu
Yndisgröðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>



Rosa x sp. **‘Flammentanz’** (‘Korflata’)- Kordesrós Yg 679

Uppruni: W. Kordes, Þýskaland 1955. Rosa rubignosa-yrki x Rosa x kordesii

Lýsing/eiginleikar: Gróskumikil klifurrós 5 m. há erlendis en vanalega 2-3 m. hérlandis.

Blóm eru stór eldrauð í klasa. ilmar lítið. Blómstrar frá miðjum ágúst – september/október á Íslandi.

Reynsla/harðgerði: Harðgerðasta rauða klifurrós sem völ er á, getur þó kalið lítillega hérlandis. Harðgerð á svæði A og B. RHF3.

Fjölgun: Sumargræðlingar.

Aðgengi: Laugardal.

Heimildir: Lars-Åke Gustavsson. Rosor för nordiska trädgårdar, klatterosor. Bls 130.

Aðrar hvítar klifurrósir sem má ræltá hérlandis eru Rosa helenae ‘Lykkefund’, Rosa ‘Polstjärnan’.

Rósa harðgerðisflokkar RHF

RHF1: Rósir sem geta þrífist og blómstrað á láglandi á Íslandi án verulegs skjóls nema fyrir verstu norðanáttum, s.s. í öllum görðum og í flestum sumarbústaðalöndum. Allar rósir þurfa sólríka vaxtarstaði til að blómstra vel og þiggja að sjálfsögðu skjól og góða umhyggju og launa hana með betri þrifum og meiri blómgun.

RHF2: Rósir sem þurfa nokkurt skjól, þrífast í öllum skjólsælli görðum. Skjól fyrir næðingi og sólríkur staður ásamt góðri umhirðu skilar árangri í betri þrifum og ríkulegri blómgun.

RHF3: Rósir sem þurfa gott skjól og helst kjörskilyrði á sólríkum stöðum t.d. við suðurvegg í görðum. Þurfa góða umhirðu og geta við kjöraðstæður sýnt góð þrif við slík skilyrði víðast hvar á Íslandi. Blómgun getur verið lítil í köldum og blautum sumrum.

Áhugaverðar heimasíður um rósir:

<http://www.helpmefind.com> Um rósir og fl.

<http://www.simolanrosario.com> Finnisk

<http://www.hongistontaimisto.fi/> Finnisk



Velkomin á heimasíðu
Yndisgróðurs

<http://yndisgrodur.lbhi.is>